

Alþingi
Erindi nr. P 130/51
komudagur 3.11.2003

Félag Hópfærðaleyfishafa,
Hesthálsi 10,
110 Reykjavík.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Nefndarsviði Alþingis,
Austurstræi 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. október 2003.

Með vísun til bréfs nefndarinnar hinn 15.10. síðastliðinn, viljum við eindregið mótmæla fyrirhugaðri 8% hækkun á “föstu árgjaldi”, “þungaskatti kílómetragjalds” og “vörugjaldi af eldsneyti”.

Ástæðan er einfaldlega sú að greinin er þegar þrautpínd af álögum skattayfirvalda, og má alls ekki við meiru af slíku, enda samkeppnisstaðan mjög veik bæði hvað varðar samkeppni við önnur lönd um erlenda ferðamenn svo og önnur innlend samgöngu tæki, svo sem bílaleigur, flug, ferjur og þá ekki síst einkabílinn.

Í þessu sambandi má benda á að ferjusamgöngur eru ríkisstyrktar og flugið fær endurgreiddan virðisaukaskatt af öllum aðföngum, og í nágrannalöndunum er einmitt miklu fremur hugað að því að efla hlut almenningssamgangna á kostnað einkabílsins, en ekki öfugt, svo eitthvað sé nefnt.

Miklu nær væri að skjóta styrkari stoðum undir sérhæfða árstíðabundna starfsemi hópfærðapjónustunnar með t.d. endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum greinarinnar svo sem eins og er í fluginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags hópfærðaleyfishafa,



Bjarni Björnsson.